



## Velferð nemenda - dýrmætasti farmurinn

Í Ásgarði er mikil áhersla á samskipti og samvinnu við foreldra og yfir skólaárið hafa kennarar reglulega frumkvæði að því að stuðla að góðu samstarfi og samvinnu á milli heimilis og skóla. Markmiðið með góðu samstarfi er að tryggja farsælt samstarf og framfarir nemenda. Kennarar og starfsfólk Ásgarðs fagna fjölbreytileikanum og líta á fjölbreytileika sem tækifæri til þess að auðga skólastarfið.

Stefna skólans	Hvar birtist stefnuþátturinn í skólastarfinu?
<ul style="list-style-type: none"><li>Stöðugt sé unnið að því að auka velferð nemenda í samvinnu og samráði við foreldra.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Heildstæð stefna sem þessi hefur verið mótuð í samráði og samvinnu við nemendur.</li><li>Heildstæð stefna um velferð nemenda er endurskoðuð reglulega.</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>Skólinn hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og viðheldur honum með reglulegu mati á því hvernig hann birtist í skólastarfinu.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Uppeldisfræðileg stefna skólans mótuð</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>Áhersla er lögð á styrkleika barna og hæfni þeirra - þeim er boðið upp á fjölbreytt viðfangsefni og starfshættir koma greinlega til móts við námsþarfir ólíkra einstaklinga.</li><li>Stefna skólans um fjölbreytta kennsluhætti hefur verið mótuð og er reglulega metin.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Hvernig birtist persónumiðað nám í skólastarfinu og hvar er gerð grein fyrir útfærslu á námsaðlögun?</li><li>Kennslufræðileg stefna skólans um fjölbreytta kennsluhætti</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>Við útfærslu á grunnþættinum heilbrigði og velferð er lögð áhersla á jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, holla næringu, hvíld, andlega vellíðan, góð samskipti, ábyrgð, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilning á eigin tilfinningum og annarra.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Sjá námsvísi.</li></ul>



## SÝN OG STEFNA ÁSGARÐS UM VELFERÐ NEMENDA

<ul style="list-style-type: none"><li>• Skólinn vinnur markvisst að forvörnum þar sem hugað er að félagslegri vellíðan og velferð nemenda.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sjá forvarnarstefnu skólans.</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>• Skólinn er griðastaður barna þar sem þau eiga að finna til öryggis. Hafa skal að leiðarljósi að börn og unglingar þarfnast verndar og leiðsagnar fullorðinna.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Öryggisáætlun skólans er í gildi.</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra.</li><li>• Nemendur eiga að fá tækifæri til að skiptast á skoðunum við önnur börn og fullorðna þar sem þau finna lausnir í sameiningu og miðla málum.</li><li>• Þarfir og áhugi barna ættu að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti skólans. Starfsfólk skóla skal grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur sitja í skólaráði skólans - sjá starfsáætlun</li><li>• Nemendaráð er virkt og nemendur taka virkan þátt í að móta skólastarfið með hugmyndum sínum - sjá fréttastofu nemenda.</li><li>• Nemendapening/skólaping eru haldin reglulega þar sem nemendur geta komið hugmyndum sínum á framfæri- sjá starfsáætlun</li><li>• Nemendaverndarráð er starfandi við skólann - sjá starfsáætlun</li><li>• Önnur aðkoma nemenda - sjá starfsáætlun, fréttastofu og samfélagsmiðla skólans.</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>• Ofbeldi, einelti og annað andfélagslegt atferli skal aldrei liðið. Skólinn skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppræta slíkt atferli, koma í veg fyrir að það þróist og stuðla að bættum samskiptum.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Eineltisáætlun og viðbrögðum við einelti, ofbeldi eða öðru andfélagslegu síendurteknu atferli nemenda í garð hvors annars er í gildi.</li><li>• Uppeldisstefna skólans</li></ul>
<ul style="list-style-type: none"><li>• Starfsfólk skóla ber ábyrgð á að börnum líði vel í skólanum.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Uppeldisstefna skólans</li></ul>